

Neysluvatnið á Akranesi – nokkrar staðreyndir

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands er eftirlitsaðili með neysluvatni á Akranesi. Eftirlitið felst í að taka sýni úr dreifikerfi Veitna en einnig eru tekin sýni hjá viðkvæmum notendum. Húseigendur bera svo sjálfir ábyrgð á að lagnir innan húss séu í lagi. Tíðni sýnatöku eftirlitsins er að lágmarki 7 sinnum á ári en einnig er gerð efnagreining á vatninu tvisvar á ári og þá skannað fyrir fjöldanum öllum af efnum. Niðurstaðan er að vatnið á Akranesi stenst gæði reglugerðar um neysluvatn.

Eftirlitinu hefur borist til eyrna áhyggjur einhverra íbúa um að neysluvatnið sé ekki af góðum gæðum. Eftirlitið vill koma eftirfarandi upplýsingum á framfæri. Neysluvatn á Akranesi er fengið úr þremur vatnsbólum; í Slögu og Óslæk og Berjadalsá. Á tveimur fyrri svæðunum er lindavatni safnað en þar sem magn þess dugur ekki til að anna allri eftirspurn er vatni úr Berjadalsá einnig safnað saman í stíflu. Það vatn fer í gegnum sandsú sem fjarlægir berg- og jarðvegsagnir úr vatninu, engin þörf er á að sía grunnvatnið. Vatnið úr þessum þremur vatnsbólum er síðan leitt saman og lýst með útfjólubláu ljósi sem drepur gerla í vatninu. Heilbrigðiseftirlitið tekur sýni úr veitunni fyrir og eftir lýsingu og því unnt að upplýsa að lýsingin er að virka eins og skyldi og íbúar eru að fá öruggt drykkjarvatn úr veitunni.



Sýnataka á neysluvatni.

Mynd ÁHB

Þar sem uppruni drykkjarvatnsins er að hluta yfirborðsvatn fylgir því meira grugg en ella sem er þó ekki á nokkurn hátt skaðlegt. Gruggið er ekki endilega sýnilegt en gæti sést ef sett er fín sía á inntak. Slíkur búnaður er þó alveg óþarfur fyrir almennan notanda. Þegar sía er sett á vatnsinntakið þarf að gæta að dagsbirta komist ekki að síunni og eins að hún sé ekki nálægt hitagrind eða annarsstaðar þar sem gæti hitnað í síunni. Þá er líklegt að hún verði gróðrarstía fyrir bakteríur og þá farin að gera meira ógagn en gagn. Skipta þarf um síur reglulega þar sem þær eru til staðar. Það að sía safni efni þýðir ekki að vatnið sé á nokkurn hátt af lélegum gæðum eins og fyrr segir.

Veitur hafa óskað eftir að tekið verði aukalega sýni í tengslum við þessar áhyggjur og verður það gert í dag (miðvikudag) niðurstöður ættu að liggja fyrir í byrjun næstu viku. Það er sem sagt algerlega óhætta að drekka vatnið á Akranesi.

13. maí 2026

Þorsteinn Narfason